

Auk tengigjald greiði hver húseigandi árlega holræsagjald til hreppsins 0.15% af fasteignamati húsanna, en þó ekki lægra en kr. 900.00 miðað við hús með einni íbúð og hækkar gjaldið um kr. 450.00 fyrir hverja íbúð umfram eina.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Mosfellshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. janúar 1977.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Skúli Sigurðsson.*

24. janúar 1977.

Nr. 72.

## **REGLUGERÐ**

### **um holræsi í Hólmavíkurreppi Strandasýslu.**

#### **1. gr.**

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa er þeim húseigendum er þar eiga hús eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsi. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsi.

Vanræki einhver að gera holræsi eða endurnýja eldra innan hæfilegs tíma sem sveitarstjóri ákveður getur hreppurinn látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

#### **2. gr.**

Hólmavíkurreppur lætur leggja holræsastúta út frá aðalræsi í nýjum götum er hann lætur gera eftir 1. janúar 1976. Skulu stútar þessir ná út fyrir götu að lóðamörkum húsa. Heimlagnir eru á kostnað húseiganda, við raðhús eða fjölbýlishús skal um holræsastúta fara eftir nánari skilmálum um lóðaúthlutun.

#### **3. gr.**

Sveitarstjóri, verkstjóri og byggingafulltrúi undir yfirstjórn sveitarstjórnar fara með stjórn framkvæmda er holræsakerfi kaupsinsins varðar. Heimilt er sveitarstjóra að fela sérstökum umsjónarmanni framkvæmd viðhalds og endurbóta á holræsakerfinu. Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi sitt, skal fá samþykki umsjónarmanns þar til. Skal húseigandi leggja fram teikningar af frárennslikerfi sínu, ef krafist verður. Skylt er húseiganda að hlýða fyrirmælum umsjónarmanns í öllu því er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, enda hafi byggingarfulltrúi ávallt eftirlit með því að vel og örugglega sé frá öllu gengið og að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð þessa.

#### **4. gr.**

Allt efni, sem notað er til holræsagerðar, skal standast kröfur byggingarsamþykktar, en auk þess getur byggingarnefnd sett reglur um sérstaka hreinsibrunna á holræsakerfi húseiganda, þar sem ástæða þykir til.

**5. gr.**

Bannað er að láta renna í holræsakerfi, sýrur, olíur eða önnur þau efni sem valdið geta skemmdum á holræskerfinu eða varanlegri mengun. Á þeim stöðum, sem slík hættu er fyrir hendi s. s. í frystihúsum o. þ. h. húsum, skal koma fyrir síum, gildrum eða öðru, sem hindrar það, að efni komist út í holræsakerfi hreppsins. Húseigandi er ábyrgur fyrir vanrækslu hér á og hugsanlegu tjóni sem af slíkri vanrækslu kann að leiða.

**6. gr.**

Skýlt er mönnum að hlíta því, að holræsalignir séu lagðar um eignarland þeirra eða umráðasvæði og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald. Um bætur fyrir slíkt fer samkvæmt vatnalögum.

**7. gr.**

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í að greiða holræsagjald til hreppsins árlega auk tengigjalds við hverja tengingu.

**8. gr.**

Húseiganda ber að greiða holræsagjaldið og ber hann einn ábyrgð á greiðslu þess. Holræsagjaldið má taka lögtaki og er það tryggt með lögveði í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Gjaldalagi holræsagjaldsins er 1. ágúst ár hvert.

**9. gr.**

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. janúar 1977.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Skúli Sigurðsson.*